

Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns

Gagnaskýrsla fyrir árið 2010
Verkþáttur nr. 2:
Lífríki og efna- og eðlispættir í vatnsbol

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson,
Haraldur Rafn Ingvason og Stefán Már Stefánsson

Fjölrit nr. 1-11



Náttúrufræðistofa Kópavogs
Natural History Museum of Kópavogur

Unnið fyrir Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur,
Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum


Landsvirkjun


Orkuveita
Reykjavíkur


ÞINGVELLIR
ÞJÓÐGARÐUR


UMHVERFISSTOFNUN

VÖKTUN Á LÍFRÍKI OG VATNSGÆÐUM ÞINGVALLAVATNS

Gagnaskýrsla fyrir árið 2010

Verkþáttur nr. 2:
Lífríki og efna- og eðlisþættir í vatnsbol

Unnið fyrir Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur,
Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson,
Haraldur Rafn Ingvason og Stefán Már Stefánsson

Fjölrit nr. 1-11



Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Hamraborg 6a - 200 Kópavogur - natkop.is

Ágrip

Árið 2007 hófst vöktunarverkefni á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns á vegum Umhverfisstofnunar, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Um er að ræða árlega sýnatöku og mælingar og er vöktuninni skipt í þrjá meginverkpætti. Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur séð um verkþátt nr. 2 sem beinist aðallega að lífríki og efna- og eðlisþáttum í vatnsbolnum. Árið 2010 var gagna aflað á dýptarsniði á einni stöð úti fyrir miðju vatninu í maí, júní, ágúst, október og nóvember. Að auki fóru fram mælingar og sýnataka ofan og neðan við stíflu í útfalli vatnsins í janúar, febrúar, mars, maí, júní, ágúst, október, nóvember og desember. Sýnataka á murtum fór fram með veiðum dagana 6.–7. október. Alls voru farnar 15 vettvangsferðir á árinu og gekk framkvæmd verkþáttarins í heild samkvæmt áætlun.

Vatnshiti mældist 0,8–13,1 °C yfir allt árið. Hljýjast varð á um fjögurra vikna kafla síðsumars (20.7.–22.8.) þegar vatnið mældist 12–13 °C frá yfirborði og niður á 12–20 m dýpi. Kaldast var vatnið í desember–mars; 0,8–2,0 °C. Mælingar með hitasíritum á dýptarsniði úti í vatnsbolnum staðfestu að hitaskil mynduðust á 15–25 m dýpi á tímabilinu 22.7.–22.8. Þegar vatnshitinn í yfirborðslaginu (0–24 m) var að meðaltali 11,0 °C (st.sk. ± 0,02, n = 768) og 7,1 °C (± 0,02, n = 768) í undirlaginu (> 24 m). Sýrustig (pH) mældist 6,70–8,60 og uppleyst súrefni 10,1–12,3 mgO₂/l. Súrefnismettunin var jafnan 90–100%. Rafleiðni mældist 66–81 µS/cm og að meðaltali 73 µS/cm (st.sk. ± 0,4, n = 72) yfir allt tímabilið.

Alls voru greindar 97 tegundir og hópar af svifþörungum. Líkt og fyrri ár voru kísilþörungar ríkjandi, með fjöldahlutdeild 40–86% og lífþyngdarhlutdeild 97–99%. Langalgengastar voru stórvöxnu tegundirnar *Aulacoseira islandica* f. *curvata*, *A. islandica*, *A. italica* og *Asterionella formosa* ásamt *Stephanodiscus formosa*. Þetta er í samræmi við gögn frá 2007–2009 og frá sjöunda og áttunda áratugi síðustu aldar. Magn blaðgrænu-a úti í vatnsbolnum mældist 0,48–6,83 µg/l og að meðaltali 2,87 µg/l (st.sk. ± 0,401, n = 25) og var svipað og fyrri ár. Langmest var af blaðgrænni snemma vors (mars–apríl) og aftur snemma vetrar (október–nóvember) en minnst yfir sumarið (júní–ágúst). Þetta endurspegladist vel í sjóndýpinu sem var mest um sumarið (12–16 m) en minnst um vorið (8,5 m) og veturinn (8,0–11,0 m). Niðurstöður þörungamælinganna benda eindregið til þess að samdrátturinn í frumframleiðslu um sumarið hafi stafað af næringarefnaskorti (köfnunarefni) og lítur jafnframt út fyrir að hitaskilin í vatninu hafi ýtt undir næringarefnaskortinn með lagskiptingu milli yfirborðs- og undirlags.

Greindar voru sex tegundir og tegundahópar af sviflægum krabbadýrum; gárafló (*Alonella nana*), hjálmfló (*Acroperus harpae*), ranafló (*Bosmina coregonii*) og halafló (*Daphnia galeata*) auk svifdílategundar (*Diatomus*) og augndíla (*Cyclops* tegundir). Þéttleiki fullorðinna svifkrabba var 0–258 dýr/10 l yfir allt tímabilið og að meðaltali 73 dýr/10 l (st.sk. ± 12,8, n = 25). Í maí og júní voru árfætlur ríkjandi en í ágúst og október–nóvember ríktu halaflær. Af þyrildýrum greindust 14 ættkvíslir og hópar og var meðalþéttleikinn yfir allt tímabilið 592 dýr/10 l (st.sk. ± 134,3, n = 25). Langmest var af þyrildýrum í sumarbyrjun (28.6.) og mest áberandi þá sem endranær voru fjaðrþyrlur (*Polyarthra*) ásamt spaðrþyrlum (*Keratella cochlearis*).

Samkvæmt reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns er Þingvallavatn og vatn á verndarsvæði þess skilgreint sem viðkvæmur viðtaki og skal vatnið vera í hæsta vatnsgæðaflokki (ástandsflokk A, ósnortið vatn, sbr. reglugerð nr. 796/1999). Vatnsgæði í vatnsbol Þingvallavatns árið 2010 voru ekki í samræmi við þetta viðmið hvað varðar fosfór (Tot-P) og einkum blaðgrænu-a. Af 25 svifþörungasýnum voru 40% innan viðmiðunarmarka fyrir ástandsflokk flokk A, 40% féllu í flokk B og 20% í flokk C.

Summary

In year 2007 a monitoring programme was started to assess chemical and biological quality of Lake Þingvallavatn Iceland. The programme is run by The Environment Agency of Iceland (Umhverfisstofnun), Landsvirkjun (the national power company), Reykjavík Energy (Orkuveita Reykjavíkur) and The Thingvellir National Park (Þjóðgarðurinn á Þingvöllum).

There are three major work tasks in the program: 1) physico-chemical factors in inlet and outlet water, executed by Institute of Earth Sciences (Jarðvísindastofnun), 2) biological and physico-chemical factors in the pelagic habitat, executed by Natural History Museum of Kópavogur (Náttúrufræðistofa Kópavogs) and 3) fish populations, executed by Institute of Freshwater Fisheries (Veiðimálastofnun). In this report, results from work task no. 2 are given for the fourth year of sampling, 2010, based on field work in the pelagic habitat during May–November and at the lake outlet during the whole year.

Lake temperature measured 0.8–13.1 °C, highest during late summer (20.7.–22.8.) when the temperature remained 12–13 °C in the topmost 12–20 m and coldest, 0.8–2.0 °C, during Desember–March. A relatively strong thermocline (~ 1.0 °C m⁻¹) formed at 15–25 m depth during 22.7.–22.8. when temperature in the epilimnion (0–24 m) was on average 11.0 °C (s.e.m. ± 0.02 , n = 768) and 7.1 °C (s.e.m. ± 0.02 , n = 768) in the hypolimnion (> 24 m). pH measured 6.70–8.60, dissolved oxygen 10.1–12.3 mgO₂/l and oxygen saturation was 90–100%. Conductivity measured on average 73 μ S/cm (± 0.4 , n = 72). Tot-N measured 41–119 μ g/l, Tot-P was 13–16 μ g/l, TOC was 0.34–0.61 mg/l, and SiO₂ was 4.40–5.25 mg/l.

In all, 97 species and species groups of phytoplankton were identified. As in previous years, diatoms were the most dominant group, with a contribution by number of 40–86% and a contribution by biomass of 97–99%. *Aulacoseira islandica* f. *curvata*, *A. islandica*, *A. italica* and *Asterionella formosa* along with *Stephanodiscus formosa* were by far the most common species. Chlorophyll-a measured 0.48–6.83 μ g/l (average 2.87 ± 0.401 , n = 25), peaking in March–April and October–November with a low during June–August. Secchi depth measured 8.5 m in spring (May), 12.0–16.0 m in summer (June–August) and (8.0–11.0 m) in early winter (October–November). The results on chlorophyll-a indicate that the low in summer was because of nutrient (Tot-N) deficiency, apparently induced by development of the thermocline.

Six species and genera of crustacean zooplankton were identified; *Alonella nana*, *Acroperus harpae*, *Bosmina coregonii*, *Daphnia galeata*, *Diaptomus* sp. and *Cyclops* spp. Density during May–November was on average 73 ind./10 l (s.e.m. ± 12.8 , n = 25). Copepods were dominant during May–June whereas *D. galeata* dominated during October–November. Among rotifers, 14 genera and species groups were identified. Density during May–November was on average 592 ind./10 l (± 134.3 , n = 25), being far the highest in late June. The most dominant species were *Keratella cochlearis* and in particular *Polyarthra* sp.

According to reg. no. 650/2006 for the protection of water quality and biota of Þingvallavatn and its catchment, the lake and water within the catchment is defined as a sensitive receptor and water quality shall comply with the most stringent standards, i.e. class A (reg. no. 796/1999). In year 2010 this requirement was neither achieved regarding Tot-P nor, in particular, chlorophyll-a. Of 25 chlorophyll-a samples, only 40% were within criteria for class A, but 40% fell within class B and 20% in class C, the third water quality class. On the other hand, concentrations of Tot-N and TOC both fell within criteria for water quality class A.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	4
Summary	5
Efnisyfirlit	6
Myndaskrá.....	7
Töfluskrá	7
1. Inngangur.....	8
2. Efni og aðferðir	9
2.1 Efna- og eðlisþættir	10
2.2 Svifþörungar	11
2.2.1 Tegundasamsetning	11
2.2.2 Bláðgræna-a.....	12
2.3 Svifdýr	12
2.4 Murta	12
3. Niðurstöður og umræður	14
3.1 Eðlisþættir.....	14
3.2 Næringarefni	20
3.3 Rýni	21
3.4 Svifþörungar	23
3.5 Svifdýr	33
3.6 Murta	37
4. Heimildir	42

Myndaskrá

Mynd 1.	Sýna- og mælistöðvar vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2010	10
Mynd 2.	Vatnshitaferlar samkvæmt siritum á stöð 2 í Þingvallavatni	15
Mynd 3a-c.	Vatnshiti, sýrustig og uppleyst súrefni á stöð 2 í Þingvallavatni	16
Mynd 4.	Sjóndýpi í Þingvallavatni 1974–82 og 2007–2010	22
Mynd 5.	Magn blaðgrænu–a á stöð 2 í Þingvallavatni árið 2010	23
Mynd 6.	Magn blaðgrænu–a á stöð 4 í Þingvallavatni árið 2010	24
Mynd 7.	Þéttleiki og lífþyngd helstu þörungahópa á stöð 2 í Þingvallavatni árið 2010	26
Mynd 8a.	Fjöldahlutdeild helstu þörungahópa á stöð 2 í Þingvallavatni árið 2010	26
Mynd 8b.	Þungahlutdeild helstu þörungahópa á stöð 2 í Þingvallavatni árið 2010	26
Mynd 9.	Þéttleiki og lífþyngd helstu þörungahópa á stöð 4 í Þingvallavatni árið 2010	32
Mynd 10a-b.	Þéttleiki svifkrabba á stöð 2 í maí, júní, ágúst, október og nóvember 2010	33
Mynd 11.	Þéttleiki þyrildýra á stöð 2 í maí, júní, ágúst, október og nóvember 2010	35
Mynd 12.	Murtuafli á sóknareiningu á tímabilinu 2000–2010	38
Mynd 13.	Lengd murta eftir möskvastærð árin 2007–2010	40
Mynd 14.	Þyngd murta eftir möskvastærð árin 2007–2010	41

Töfluskrá

Tafla 1.	Yfirlit yfir sýnatökur og mælingar	9
Tafla 2.	Mælingar á vatnshita með siritum á stöð 2 á tímabilinu 26.6.–26.10.2010	14
Tafla 3a-c.	Mælingar árið 2010 á efna- og eðlisþáttum á stöðvum 2, 4 og 5	17
Tafla 3d-f.	Mælingar árið 2010 á efna- og eðlisþáttum á stöðvum 2 og 4	18
Tafla 3g-i.	Mælingar árið 2010 á efna- og eðlisþáttum á stöðvum 2 og 4	19
Tafla 4.	Efnastyrkur á stöð 2 í júní, júlí og ágúst 2010	20
Tafla 5.	Magn blaðgrænu–a á stöðvum 2 og 4 í Þingvallavatni árið 2010	23
Tafla 6.	Magn blaðgrænu–a á stöðvum 4 og 5 í Þingvallavatni árið 2010	24
Tafla 7a.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í maí 2010	27
Tafla 7b.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í ágúst 2010	28
Tafla 7c.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í október 2010	29
Tafla 7d.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í október 2009	30
Tafla 7e.	Tegundasamsetning þörunga, þéttleiki og lífþyngd á stöð 2 í nóvember 2009	31
Tafla 8.	Tegundasamsetning krabbadýra og þéttleiki í Þingvallavatni árið 2010	34
Tafla 9.	Tegundasamsetning þyrildýra og þéttleiki í Þingvallavatni árið 2010	36
Tafla 10a-d.	Aflatölur fyrir silunga á tímabilinu 2007–2010	37
Tafla 11.	Lengd og þyngd murta á tímabilinu 2007–2010	39

1. Inngangur

Í þessari gagnaskýrslu er gerð grein fyrir framvindu og niðurstöðum fyrir árið 2010 í verkþætti nr. 2 á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna vöktunar á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Vöktunarverkefni í Þingvallavatni hófst vorið 2007 þegar Umhverfisstofnun, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum gerðu með sér þar að lútandi samkomulag og samstarfssamning (Samstarfssamningur 2007, Samkomulag 2007). Vöktunin nær til lykilþátta í lífríki og efna- og eðilsfræði vatnsins og litið er svo á að hún sé mikilvægt tæki varðandi verndun á vistkerfi Þingvallavatns.

Um Þingvallavatn gilda lög nr. 85/2005 ásamt reglugerð nr. 650/2006 sem skírskota sérstaklega til verndar á vatninu og vatnasviði þess.

Meginmarkmið vöktunarinnar er að kortleggja ástand og breytingar sem kunna að verða á lífríki og efna- og eðlisþáttum vegna hugsanlegra álagsþátta, jafnt af mannlegum sem náttúrulegum toga. Á meðal álagsþátta sem horft er til í þessu sambandi eru ofauðgun næringarefna, vatnsmiðlun, mengunaróhöpp og loftslagshlýnun.

Vöktunin felur í sér endurteknar, staðlaðar athuganir til margra ára í því augnamiði að greina hugsanlegar breytingar á ástandi lykilþátta í vistkerfinu yfir lengri tíma.

Vöktuninni er skipt í þrjá meginverkþætti og um hvern verkþátt sér framkvæmdaraðili í samræmi við þar að lútandi samning:

1. Efna- og eðlisþættir í írennsli og útfalli. Jarðvísindastofnun Háskólans.
2. Lífríkis- og efna- og eðlisþættir í vatnsbol. Náttúrufræðistofa Kópavogs.
3. Fiskistofnar. Veiðimálastofnun.

Náttúrufræðistofan kemur einnig að verkþætti nr. 3 ásamt Veiðimálastofnun, m.a. með sýnatöku á murtu á haustin.

Árið 2010 voru verkþættir nr. 1 og 2 framkvæmdir en ekki verkþáttur nr. 3 að murtuveiðum undanskildum á vegum Náttúrufræðistofunnar.

Fyrir vöktunarverkefninu fer verkefnisstjórn sem skipuð er einum manni frá hverjum framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun er umsýsluaðili verkefnisins og sér um fjárhagslega umsýslu verkþátta í vöktun Þingvallavatns. Verkefnisstjórn ræður einn verkefnisstjóra sem hefur faglega þekkingu á lífríki Þingvallavatns. Verkefnisstjóri vöktunarverkefna fyrir árið 2010 var Hilmar J. Malmquist, Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Niðurstöður fyrri ára í vöktunarverkefninu hafa verið birtar í gagnaskýrslum (Eydís Salome Eiríksdóttir og Sigurður Reynir Gíslason 2008, 2009, 2011; Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008, 2009, 2010; Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 2009; Ingi Rúnar Jónsson o.fl. 2009).

2. Efni og aðferðir

Sýnataka og mælingar á árinu 2010 fór fram á þremur stöðvum (tafla 1, mynd 1). Fækkað var um tvær stöðvar úti í vatnsbolnum miðað við fyrri ár og eingöngu tekin sýni og mælt á dýptarsniði úti á vatninu á stöð 2. Stöðvum 1 og 3 var sleppt þar sem mæliniðurstöður á efna- og eðlisþáttum og blaðgrænu–a voru keimlíkar þeim á stöð 2. Við val á stöð 2 var auk miðlægrar staðsetningar og hentugs dýpis (~43 m) litið til þess að frá þeirri stöð eru til ítarlegustu gögnin um tegundasamsetningu og magn sviflægra þörunga og dýra.


Mælingar á stöð 5 við útfallið hjá Steingrímsstöð stóðu yfir frá mars 2010 til mars 2011 og voru gerðar í því augnamiði að ganga úr skugga um ágæti staðsetningar á stöð 4 við stíflumannvirkin ofan við Steingrímsstöð. Grunur lék á sýni frá stöð 4 endurspegluðu einvörðungu ástandið í allra efstu lögum Þingvallavatns en ekki ástand vatnsins í heild (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009). Sýni á stöð 4 voru tekin ofan af stíflumannvirkinu í útfalli vatnsins á 1,5 m dýpi. Á stöð 5 voru sýni tekin úr vatni sem berst um botnlökur á 5–10 m dýpi fyrir utan stíflumannvirkið skammt frá stöð 4.

Tafla 1. Yfirlit yfir sýnatökur og mælingar á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2010.

Tegund sýnis	Mælibreytur/Dýpi	Stöð							
		2						4	5
		1 m	5 m	10	25	35	~43	1,5	1,5
Þörungasvíf									
Ósíað sýni, 3 lítrar	Tegundagreining og talning								
		X	X	X	X			X	
Ósíað sýni, 1 lítri	Blaðgræna-a	X	X	X	X	X		X	X
Dýrasvíf									
Síað sýni 9 lítrar, 45µm	Tegundagreining og talning								
		X	X	X	X	X		X	
Eðlisþættir									
Fjölpáttamælir	Vatnshiti	X	X	X	X	X	X	X	X
	Sýrustig	X	X	X	X	X	X	X	X
	Rafleiðni	X	X	X	X	X	X	X	X
	Súrefni	X	X	X	X	X	X		

Í júní 2010 var tíu hitasíritum komið fyrir á stöð 2 með 4 m millibili frá 4 m dýpi og niður á 40 m dýpi. Tilgangur þessara mælinga var að varpa skýrara ljósi á hitaferla í vatninu, einkum með hliðsjón af þróun hitaskila og lagskiptingar í vatnsbolnum sem geta skipt miklu máli fyrir vöxt þörunga og aðra þætti lífríkisins í vatninu. Til að fylgja eftir athugunum á hitaskilunum var bætt við sýnatöku á vatni til efnagreiningar á stöð 2 í júní, júlí og ágúst og voru sýni tekin á 5 m og 35 m dýpi.

Farnar voru 14 vettvangsferðir á tímabilinu janúar–desember 2010 vegna mælinga á efna- og eðlisþáttum og sýnatöku á þörungum og dýrasvífi. Þá var farin vettvangsferð 6.–7. október til veiða og sýnatöku á murtu.



Mynd 1. Þrjár sýna- og mælistöðvar (nr. 2, 4 og 5) á vegum Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2010. Hnit stöðvar nr. 2 er N64°11,52' V21°08,60'. Stöð 4 er ofan á stíflumannvirkinu við útfall vatnsins og stöð 5 er við útfallið úr Steingrímsstöð. Stöðvar í svörtum lit (punktar) voru á vegum Jarðvísindastofnunar Háskólans.

2.1 Efna- og eðlisþættir

Mælingar á eðlisþáttum voru framkvæmdar með tveimur gerðum af fjölþáttamælum. Annars vegar var notaður mælir af gerðinni YSI 650MDS/6600 sem mælir hitastig, sýrustig, rafleiðni og súrefni, og hins vegar mælir af gerðinni YSI Model 63, sem býr yfir sömu mælinákvæmni og fyrrnefndi mælirinn og mælir sömu breytur nema súrefni. Á stöð 2 var notast við rúmlega 50 m langan kapal og mælt á dýptarsniði frá yfirborði og niður að botni á 40–50 m dýpi. Eftirfarandi breytur voru mældar: vatnshiti (0,01°C upplausn, ± 0,15°C mælinákvæmni), sýrustig (pH 0,01 ± 0,2), rafleiðni (1 µS/cm, ± 0,5%), uppleyst súrefni (0,01 mgO₂/l, ± 0,2%) og súrefnismettun (0,1%, ± 2%). Öll rafleiðnigildi voru leiðrétt fyrir 25°C.

Sjónnýpi (rýni, skyggni) í vatninu var mælt á hefðbundinn hátt með hvítum Secchi disk, 30 cm í þvermál. Rýni (m) var jafnan skráð sem meðaltal þriggja mælinga (mælt þegar diskurinn hverfur sjónum við að síga niður og aftur þegar hann birtist við að draga

hann upp). Náíð samband er á milli rýnis og þörungamagns og eða magns annarra sviflægra agna.

Mælingar á eðlisþáttum á stöð 4 fóru fram af stíflugarðinum við útfall vatnsins á um 1,5 m dýpi. Þar voru vatnssýni einnig tekin til mælinga á magni blaðgrænu-a. Á stöð 5 var staðið eins að mælingum og á stöð 4 og sýni tekin á 1,5 m dýpi.

Tíu hitasíritum var komið fyrir þann 28. júní 2010 á stöð 2 með 4 m millibili frá 4 m dýpi og niður á 40 m dýpi (4, 8, 12, 16, 20, 24, 28, 32, 36 og 40 m). Botndýpi á stöðinni var um 43 m. Mælarnir voru stilltir á hitaskráningu á 1 klst. fresti og teknir upp til aflestrar 26. október 2010. Mælunum var komið fyrir á ný 28. október á stöð 2 til áframhaldandi skráningar á vatnshita. Síritarnir voru af gerðinni TidbiT-v2-Temp (Part # UTBI-001) frá bandaríska fyrirtækinu Onset Computer Corporation og mæla með 0,2°C nákvæmni á bilinu 0–50°C.

Til að fylgja eftir athugununum á hitaskilunum var bætt við sýnatöku á vatnssýnum til efnagreiningar á stöð 2 í júní, júlí og ágúst og voru sýni tekin á 5 m og 35 m dýpi. Vatnssýni voru tekin með því að stútfylla 1,0 l plastflöskur. Fyrir sýnatöku voru flöskurnar skolaðar með 0,1 N HCl og síðan með vatni á staðnum. Sýnin voru höfð í kælikassa í mesta lagi í sex klst. þar til þau voru fryst (-20°C) og síðar send til efnagreiningar hjá Norsk institutt for vannforskning (NIVA) í Osló. Efnagreiningarnar voru gerðar á ósíuðum sýnum. Eftirfarandi breytur voru mældar hjá NIVA: heildarmagn fosfórs (Tot-P), fosfat (PO₄), heildarmagn köfnunarefnis (Tot-N), ammóníak (NH₄), heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) og kísill (SiO₂). Upplýsingar um aðferðafræði og mælinákvæmni við efnagreiningarnar er að finna í riti á vegum NIVA (NIVA 2004).

2.2 Svifþörungur

2.2.1 Tegundasamsetning

Sýni fyrir greiningu og talningu á sviflægum þörungum voru tekin með 10 lítra vatnssýnataka á stöð 2 (5, 10, 25 og 35 m dýpi) og við útfallið á stöð 4 (tafla 1). Tekið var 10 l sýni á hverju dýpi og af því hirtir 3 l sem voru varðveittir ósíaðir til tegundagreiningar og talningar. Öll sýnin voru varðveitt á staðnum með því að bæta út í þau ~4 ml af 10% Lugol lausn.

Tegundagreining og talning á þörungasýnunum fór fram hjá Bio-limno Research & Consulting Inc., í Halifax, Kanada. Við úrvinnslu sýna var beitt hefðbundnum greiningaraðferðum með *Utermö hl* útfellingu á hlutsýnum og smásjárskoðun (e. *inverted phase contrast Zeiss Axiovert 40 CFL microscope*). Þörungaeiningar (stakar frumur, þræðir og sambýli) voru taldar á sniðum völdum á tilviljanakenndan hátt. Að lágmarki 400 þörungaeiningar voru taldar í hverju sýni og langflestar við 500-falda stækkun. Votvigt var reiknuð út frá mældum fjölda og mati á rúmmáli (specific biovolume) samkvæmt rúmfræðilegri lögun (Rott 1981) og eðlisþyngdinni 1,0. Rúmmál hvernar tegundar var metið út frá meðalstærð á 10–15 einstaklingum. Rúmmál sambýlistegunda var byggt á fjölda einstaklinga í sambýli. Allir útreikningar á þéttleika og þyngd voru gerðir samkvæmt tölvuforriti Hamiltons (Hamilton 1990).

Upplýsingar um heimildir sem Bio-limno Research & Consulting Inc. notaði við tegundagreiningu þörunganna er að finna í skýrslu Náttúrufræðistofunnar með niðurstöðum frá 2007 (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008).

2.2.2 Blaðgræna-a

Mælingar á magni blaðgrænu-a veita vísbendingar um magn frumframleiðenda (þörungasvif) og endurspeglar jafnframt næringarefnaástand í vatninu og fæðuframboð fyrir dýrasvif sem murtan étur í umtalsverðum mæli.

Sýni til mælinga á magni blaðgrænu-a voru tekin með 10 l vatnssýnataka á öllum þremur stöðvunum (tafla 1) og eins lítra hlutsýni hirt til mælinga. Sýnin voru höfð í kæli (~ 5°C) í 5–7 klst., þá síuð á Whatman GF/C síupappír (Cat No 1822 047), síupappírinn frystur og blaðgrænan mæld síðar. Til að leysa blaðgrænuna úr sýninu var síupappírinn lagður í 96% etanól og hafður í myrkri í kæliskáp í 24 klst. Blaðgræna-a var mæld við bylgjulengdina 665 nm með ljósgleypnimæli (HACH, DR 5000) á Veiðimálastofnun.

Heildarmagn blaðgrænu-a (Blaðgræna-a, µg/l) var reiknað samkvæmt jöfnunni

$$\text{Blaðgræna-a } (\mu\text{g/l}) = (\text{Abs.}_{(665-750\text{nm})} * L * 10^3) / 83,4 * V$$

þar sem *Abs.* (665–750 nm) er ljósgleypni við 665 nm að frádreginni ljósgleypni við 750 nm, *L* er rúmmál (ml) leysnivökva (etanóls) á síupappír, 83,4 er ljósgleypnistuðull fyrir etanól og *V* er rúmmál (l) sýnisins sem síað var (sjá Søndergaard og Riemann 1979, bls. 171).

2.3 Svifdýr

Sýni fyrir greiningu og talningu á dýrasvifi voru tekin með 10 lítra vatnssýnataka á stöð 2 og 4 (tafla 1). Af hverju sýni voru hirtir 9 lítrar og þeir síaðir í gegnum 45 µm sigti og það sem eftir sat í sigtinu hirt til tegundagreiningar og talningar. Sýnin voru varðveitt á staðnum með því að bæta út í þau 0,2–0,5 ml af 10% Lugol lausn.

Svifdýrasýnin voru skoðuð í kvörðuðu íláti undir víðsjá af gerðinni Olympus SZX12 við 7–90-falda stækkun. Við fingreiningar (100–400-falda stækkun) var notuð smásjá af gerðinni Olympus CX41. Krabbadýr voru talin og greind til tegunda og ættkvísla. Fjöldi krabbadýra í sýnunum var að jafnaði lítill og því voru allir einstaklingar greindir. Stuðst var við ýmsa greiningarlykla en aðallega hefti í ritröðinni *Guides to the Identification of the Microinvertebrates of the Continental Waters of the World* (Benzie 2005) og *Fauna Iberica*, Vol. 7 (Alonso 1996).

2.4 Murta

Murtan er langalgengasta bleikjuafbrigðið í Þingvallavatni og gegnir lykilhlutverki í svifvistinni (Sigurður S. Snorrason o.fl. 1992, 2002). Fylgst hefur verið með murtustofninum árlega síðan 1983, lengst af í samvinnu milli Líffræðistofnunar Háskólans og Náttúrufræðistofu Kópavogs (Sigurður S. Snorrason o.fl. 1984, 1992, 1994, 2002). Aðferðafræði þessarar samvinnu er lögð til grundvallar vöktuninni sem hér um ræðir (sjá einnig Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008 og Ingi Rúnar Jónsson o.fl. 2009).

Sýnishorn er tekið úr murtustofninum með netveiði um mánaðamótin september–október þegar murtan gengur á grunn til hrygningar. Lengst af hefur verið veitt í eitt margmöska lagnet, alls 90 m² (30 m á lengd x 3 m á hæð), með fimm möskvastærðum; 10,0, 12,5, 15,5, 19,0 og 24,0 mm (legg í legg), þar sem hver möskvastærð spannar 18 m² (6 m á lengd x 3 m á hæð). Árið 2007 voru netin endurnýjuð og breytt um veiðiáttak. Hætt var við að nota minnstu möskvastærðina og veitt með 12,5, 15,5, 19,0 og 24,0 mm möskvum. Jafnframt voru nýju netin grynri en þau eldri, þ.e. 1,5 m á hæð og lengdabil hvers möska 10–15 m. Veiðiáttakið árið 2007 var 90 m² (4 net x 15 m x 1,5 m) en síðan hefur það verið 60 m² (4 net x 10 m x 1,5 m).

Í murtuveiðinni hefur verið lagt út af Svínanesi í landi Mjóaness (mynd 1) á 2–5 m dýpi og veitt í um 12 klst. yfir nótt.

Afli í net var skráður m.t.t. fjölda tegunda (bleikja eða urriði) og fjölda einstaklinga eftir bleikjuafbrigðum (murta, dverg-, kuðunga- og sílableikja). Fjöldi einstaklinga var jafnframt skráður eftir möskvastærð. Aflaskráningin býður upp á að reikna út grófan metil á hlutfallslega stofnstærð, þ.e. afla á sóknareiningu (e. *catch per unit effort*, *cpue*: fjöldi fiska/netfermetra/veiðiklst.). Eftirfarandi atriði voru einnig skráð og mæld á murtuúrtaki (um 100 fiskar úr hverri möskvastærð) sem valið var af handahófi: lengd (klauf lengd, mælt að næsta 0,5 cm frá snoppu í miðja sporðsýlingu), votvigt (óslægður fiskur mældur að næsta 1,0 g), kyn, kynþroski og aldur (lestur áhringja í kvörnum). Fiskar umfram þetta úrtak voru lengdarmældir og vegnir.

3. Niðurstöður og umræður


3.1 Eðlisþættir

Vatnshiti á stöð 4 mældist 0,8–11,5 °C á tímabilinu 8.1.–9.12.2010 (tafla 3a–i). Kaldast var vatnið í janúar, febrúar og mars þegar hitastigið var á bilinu 0,6–2,0 °C. Hlýjast var í júlí–ágúst þegar vatnshitinn mældist um 12 °C. Á stöð 2 úti í vatnsbolnum mældist vatnshitinn 4,9–13,1 °C á tímabilinu 26.6.–26.10.2010 (tafla 2, mynd 2). Hlýjast varð í vatninu á um fjögurra vikna kafla frá því síðla í júlí (um 20.7.) til seinnihluta ágúst (um 22.8.) en þá var vatnshitinn samfleytt um og yfir 12 °C frá yfirborði og niður á um 12 m dýpi. Um 12 °C mældust einnig á um tveggja vikna kafla (29.7.–16.8.) á 16 m dýpi og á 20 m dýpi mældust einnig 12–13 °C hiti um miðjan ágúst. Þennan langvarandi hlýindakafli í vatninu má rekja að hluta til til óvenju mikils lofthita á svæðinu á tímabilinu (Veðurstofa Íslands 2011).

Mælingar með hitasíritunum tíu úti í vatnsbol Þingvallavatns staðfestu að hitaskil mynduðust í vatninu á 12–24 m dýpi á um fjögurra vikna kafla síðsumars, þ.e. frá og

Tafla 2. Mælingar á vatnshita (°C) með tíu síritum á stöð 2 á tímabilinu 26.6.–26.10. 2010. FH er frávikshlutfall (e. *coefficient of variation*). Byggt á 2.881 mælingu á hverju dýpi fyrir sig. Neðri hluti töflunnar sýnir mismuninn á vatnshita milli tveggja aðliggjandi dýpa.


Dýpi (m)	Meðaltal	St.frv.	Lágmark	Hámark	FH
4 m	10,6	1,52	7,3	13,1	0,14
8 m	10,4	1,48	7,3	12,9	0,14
12 m	10,2	1,44	7,3	12,8	0,14
16 m	9,8	1,20	7,3	12,5	0,12
20 m	9,1	0,95	6,3	12,5	0,10
24 m	8,6	0,98	5,9	12,2	0,11
28 m	8,2	1,05	5,4	10,8	0,13
32 m	8,0	1,07	5,2	10,8	0,13
36 m	7,6	1,07	5,0	10,4	0,14
40 m	7,4	1,10	4,9	9,9	0,15
Mismunur					
4–8	0,131	0,272	0,000	1,806	2,07
8–12	0,193	0,349	0,000	2,695	1,81
12–16	0,438	0,630	0,000	3,050	1,44
16–20	0,667	0,795	0,000	4,426	1,19
20–24	0,526	0,595	0,000	3,873	1,13
24–28	0,429	0,404	0,024	3,899	0,94
28–32	0,277	0,305	0,000	2,299	1,10
32–36	0,354	0,342	0,000	2,987	0,96
36–40	0,263	0,308	0,000	2,776	1,17



Mynd 2. Hitastigsferlar samkvæmt síritum á tíu dýpum (4–40 m) á stöð 2 í Þingvallavatni á tímabilinu 26. júní til 26. október 2010. Mælt á 1 klst. fresti (alls 28.810 mælingar). Einnig er sýndur vindhraði (m/s, 10 mín. meðaltal) mældur á 1 klst. fresti á Þingvöllum á sama tímabili.

með 22. júlí til og með 22. ágúst (mynd 2). Á þessu tímabili var vatnshitinn í hlýja yfirborðslaginu (e. *epilimnion*) á 0–24 m dýpi að meðaltali 11,0 °C ($\pm 0,02$, $n = 768$) og á bilinu 9,7–12,4 °C. Í kalda undirlaginu (e. *hypolimnion*) fyrir neðan 24 m var vatnshitinn að meðaltali 7,1 °C ($\pm 0,02$, $n = 767$) og á bilinu 6,4–9,1 °C. Marktækur munur var á meðaltalsvatnshita á fyrrgreindu tímabili milli yfirborðs- og undirlagsins (t-próf, $t = 240,5$, $P \ll 0,001$, $ft. = 766$). Þegar hitaskilin milli yfirborðs- og undirlags voru hvað skörpust, einkum dagana 11.–16.8., féll vatnshitinn um 2–4 °C í millilaginu (e. *metalimnion*) á 20–24 m dýpi. Þegar vatnshitinn fellur um $\geq 1,0^\circ\text{C}/\text{m}$ í millilaginu er jafnan talað um að hitaskilin séu skörp eða eindregin (e. *direct stratification*, Moss 1998). Ljóst er að hitaskil af þessu tagi voru til staðar á 15–25 m dýpi í Þingvallavatni nokkra daga samfleytt í júlí og ágúst 2010. Staðsetning millilagsins sveiflaðist á þessum tíma milli 15 og 25 m en virðist að jafnaði hafa verið nærri 20 m. Vindknúin áhrif á vatnshita komu vel fram á mælitímabilinu. Þegar meðalvindhraðinn náði um og yfir 10 m/s blandaðist vatnið jafnan með þeim afleiðingum að yfirborðslagið (0–24 m) kólnaði en undirlagið (> 24 m) hlýnaði. Þetta kom glögglega fram 7.–8. júlí, 20.–23. ágúst og 14.–16. september þegar vindar blésu allstíft af norðri (mynd 2). Athygli vekur hve fljótt áhrif vindsins komu fram og ekki síður hve fljót þau voru að hverfa og vatnið að falla í fyrra horf með tilheyrandi hitaskilum.

Styrkur uppleysts súrefnis var almennt hár eða á bilinu 10,1–12,3 mg/l og súrefnismettunin var jafnan á bilinu 90–100% (mynd 3). Sýrustig (pH) mældist á bilinu 6,70–8,60 og að meðaltali 7,79 ($\pm 0,42$, $n = 82$).



Mynd 3a–c. Vatnshiti (a), sýrustig (b) og uppleyst súrefni (c) á stöð 2 í Þingvallavatni árið 2010.

Tafla 3a–c. Mælingar á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2010. Mælt með fjölpáttamæli og Secchi disk (rýni). Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25 °C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

a	Stöð	Dags.	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
	4	8.1.2010	~1,0	1,6	75	7,92	ekki mælt		
	5	"	"	1,2	74	7,81			
	4	4.2.2010	"	2,0	71	7,80			
	5	"	"	1,7	72	7,81			
	4	2.3.2010	"	0,8	72	8,16			
	5	"	"	0,6	72	8,05			
	4	18.3.2010	"	1,2	69	7,95			
	5	"	"	1,1	71	7,92			
	4	30.3.2010	"	1,1	70	8,08			
	5	"	"	0,8	72	8,02			
			Meðaltal	1,2	72	7,95			
			St.sk.	0,14	0,1	0,04			

b	Stöð	Dags.	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
	2	18.5.2010	1	3,8	78	6,70	ekki mælt		
	2	"	5	3,7	78	6,89			
	2	"	10	3,8	78	6,92			
	2	"	15	3,8	78	6,92			
	2	"	20	3,8	78	6,91			
	2	"	25	3,8	78	6,91			
	2	"	30	3,8	78	6,88			
	2	"	35	3,7	78	6,80			
	2	"	40	3,7	78	6,80			
	2	"	43	3,7	78	6,76			
			Meðaltal	3,8	78	6,85			8,5
			St.sk.	0,01	0,1	0,02			
	4	18.5.2010	~1,0	4,0	71	8,23			

c	Stöð	Dags.	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
	2	28.6.2010	1	10,7	70	8,29	ekki mælt		
	2	"	5	10,6	70	8,00			
	2	"	10	9,2	70	8,22			
	2	"	15	8,5	70	8,42			
	2	"	20	7,6	70	8,60			
	2	"	25	6,8	70	8,28			
	2	"	30	6,4	71	8,10			
	2	"	35	5,9	71	7,96			
			Meðaltal	8,2	70	8,23			16,0
			St.sk.	0,65	0,2	0,08			
	4	28.6.2010	~1,0	11,0	70	8,31			

Tafla 3d–f. Mælingar á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2010. Mælt með fjölþáttamæli og Secchi disk (rýni). Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25 °C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

d	Stöð	Dags.	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
	2	9.7.2010	1	10,6	70	7,93	ekki mælt		
	2	"	5	9,4	70	7,99			
	2	"	10	9,3	70	8,03			
	2	"	15	9,2	70	7,98			
	2	"	20	9,1	70	7,96			
	2	"	25	8,2	71	7,95			
	2	"	30	7,7	71	7,94			
	2	"	34	7,3	71	7,92			
	Meðaltal			8,9	70	7,96			12,0
	St.sk.			0,38	0,1	0,01			
e	Stöð	Dags.	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
	2	10.8.2010	1	12,8	71	8,17	ekki mælt		
	2	"	5	12,6	71	8,20			
	2	"	10	12,5	71	8,22			
	2	"	15	12,5	70	8,23			
	2	"	20	11,9	70	8,26			
	2	"	25	12,3	70	8,18			
	2	"	30	10,1	70	8,18			
	Meðaltal			12,1	70	8,21			15,0
	St.sk.			0,35	0,1	0,01			
f	Stöð	Dags.	Dýpi m	T °C	Leiðni µS/cm	pH	Uppl. O ₂ %	Uppl. O ₂ mg/l	Rýni m
	2	30.8.2010	1	11,0	74	7,84	101,7	11,2	
	2	"	5	11,0	78	7,82	99,4	11,0	
	2	"	10	11,0	74	7,82	99,3	11,0	
	2	"	15	10,9	74	7,83	99,2	11,0	
	2	"	20	10,4	74	7,83	99,0	11,1	
	2	"	25	8,6	74	7,78	96,9	11,3	
	2	"	30	8,2	74	7,71	95,7	11,3	
	2	"	35	8,2	74	7,68	95,4	11,3	
	2	"	40	7,4	78	7,62	92,9	11,2	
	2	"	45	7,2	74	7,54	88,9	10,7	
	2	"	48	6,9	79	7,35	83,3	10,1	
	Meðaltal			9,2	75	7,71	95,6	11,0	14,0
	St.sk.			0,51	0,6	0,05	1,64	0,10	
	4	30.8.2010	~1,0	11,5	75	7,92	102,5	11,16	

Tafla 3g–i. Mælingar á efna- og eðlisþáttum vegna vöktunar í Þingvallavatni árið 2010. Mælt með fjölpáttamæli og Secchi disk (rýni). Leiðnigildi eru leiðrétt fyrir 25 °C. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.).

g	Stöð	Dags.	Dýpi	T	Leiðni	Uppl. O ₂	Uppl. O ₂	Rýni	
			m	°C	µS/cm	pH	%	mg/l	m
	2	26.10.2010	0	7,4	73	7,71	93,4	11,2	
	2	"	1	7,4	73	7,70	92,8	11,2	
	2	"	5	7,3	73	7,69	92,8	11,2	
	2	"	10	7,3	73	7,69	92,6	11,2	
	2	"	15	7,3	73	7,67	92,3	11,1	
	2	"	20	7,3	66	7,67	92,2	11,1	
	2	"	25	7,3	73	7,67	92,0	11,1	
	2	"	30	7,3	73	7,66	92,0	11,1	
	2	"	35	7,3	73	7,65	91,8	11,1	
	2	"	40	7,3	73	7,64	91,6	11,0	
	2	"	45	7,3	73	7,64	91,4	11,0	
	2	"	47	7,2	73	7,58	90,0	10,9	
	2	"	49	7,2	73	7,57	89,7	10,8	
			Meðaltal	7,3	72	7,66	91,9	11,1	11,0
			St.sk.	0,01	0,5	0,01	0,29	0,03	

h	Stöð	Dags.	Dýpi	T	Leiðni	Uppl. O ₂	Uppl. O ₂	Rýni	
			m	°C	µS/cm	pH	%	mg/l	m
	2	9.11.2010	0	5,6	81	8,31	97,4	12,3	
	2	"	1	5,6	74	8,12	93,6	11,8	
	2	"	5	5,6	73	8,04	93,1	11,7	
	2	"	10	5,6	73	7,97	92,8	11,7	
	2	"	15	5,6	73	7,92	92,8	11,7	
	2	"	20	5,6	81	7,88	92,6	11,6	
	2	"	25	5,6	73	7,84	92,6	11,6	
	2	"	30	5,6	73	7,82	92,6	11,6	
	2	"	35	5,6	73	7,79	92,5	11,6	
	2	"	40	5,6	73	7,77	92,5	11,6	
			Meðaltal	5,6	75	7,95	93,3	11,7	8,0
			St.sk.	0,00	1,1	0,05	0,47	0,06	

i	Stöð	Dags.	Dýpi	T	Leiðni	Uppl. O ₂	Uppl. O ₂	Rýni
			m	°C	µS/cm	pH	%	mg/l
	2	23.11.2010	2	4,3	70	8,16	ekki mælt	
	2	"	5	4,3	71	8,03		
	2	"	10	4,3	70	7,97		
	2	"	25	4,3	71	7,90		
	2	"	35	4,3	71	7,84		
			Meðaltal	4,3	70	7,98	9,0	
			St.sk.	0,00	0,2	0,06		
	4	23.11.2010	~1,0	4,3	71	7,97		
	4	9.12.2010	~1,0	1,5	72	8,30		

3.2 Næringarefni

Styrkur næringarefna, lífræns kolefnis og kísils á stöð 2 var almennt lágur (tafla 4). Styrkur köfnunarefnis (Tot-N), sem er það næringarefni sem helst er takmarkandi fyrir vöxt frumframleiðenda í vatninu (Jón Ólafsson 1992, Pétur M. Jónasson o.fl. 1992, Hákon Aðalsteinsson og Pétur M. Jónasson 2002) var langt fyrir neðan viðmiðunarmörk fyrir umhverfismarkaflokk I (ástandsflokk A, ósnortið vatn) fyrir djúp vötn samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Aftur á móti var styrkur heildarfosfórs (Tot-P) í öllum tilfellum innan viðmiðunarmarka fyrir umhverfismarkaflokk II (ástandsflokk B, lítið snortið vatn).

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns er tekið fram að Þingvallavatn og vatn á verndarsvæði Þingvallavatns sé viðkvæmur viðtaki og skuli vera í ástandsflokki A („ósnortið vatn“) m.t.t. framangreindra efna. Ástand vatnsins skal m.ö.o. endurspeгла að þar séu engar eða litlar vísbendingar um áhrif frá mannlegri starfsemi á lífríki eða á efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess. Styrkur heildarfosfórs gæti bent til áhrifa af völdum starfsemi manna, en hafa verður í huga að frávikið frá skilgreindu, náttúrulegu bakgrunnsgildi er lítið og að mælingarnar voru fáar og bundnar við sumarið. Til að varpa skýrara ljósi á ástand vatnsins m.t.t. næringarefna er æskilegt að bæta efnagreiningum við vöktunarverkefnið bæði snemma árs og síðla.

Ekki verður séð að lagskipting vegna hitaskila hafi haft glögg áhrif á efnastyrk á dýpunum tveimur sem sýni til efnagreiningar voru tekin á. Hér verður þó að hafa í huga að sýnataka stóð fremur stutt yfir og mælingar voru stopular. Þá má jafnframt reikna með því að þar sem næringarefnin eru almennt af skornum skammti, sér í lagi köfnunarefni, þá séu þau tekin upp af þörungunum jafnharðan og þau verða aðgengileg.

Tafla 4. Styrkur næringarefna, lífræns kolefnis og kísils á stöð 2 í Þingvallavatni árið 2010.. Einnig eru sýnd viðmiðunarmörk fyrir umhverfismarkaflokka í djúpum vötnum skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Dags.	Stöð	Dýpi (m)	Tot-P		Tot-N		NH ₄ -N µg N/l C 4-3	TOC mg C/l G 4-2	SiO ₂ mg Si/l E 9-5
			µg /l D 2-1	µg P/l D 1-3	µg N/l D 6-1	µg N/l C 4-3			
28.6.2010	2	5	14	11	119	<2	0,55	4,64	
"	2	35	15	12	44	<2	0,39	4,71	
9.7.2010	2	5	13	11	41	<2	0,34	4,40	
"	2	35	16	12	41	<2	0,38	5,13	
10.8.2010	2	5	13	10	91	<2	0,54	5,22	
"	2	35	16	12	106	<2	0,61	5,25	
Meðaltal			15	11	74	<2	0,47	5	
Staðalskekkja			0,6	0,3	14,6		0,05	0,1	
Geometrískt meðaltal			14	11	66	<2	0,46	5	
Umhverfismarkaflokkur I			<10		<300	Næringarefnasnautt			
Umhverfismarkaflokkur II			10–30		300–750	Næringarefnalítið			
Umhverfismarkaflokkur III			31–50		751–1500	Næringarefnaríkt			
Umhverfismarkaflokkur IV			51–100		1500–2500	Næringarefnauuðugt			
Umhverfismarkaflokkur V			>100		>2500	Ofauðugt			

Að undanskildu ammóníaki mældist styrkur næringarefnanna og lífræns kolefnis ívið hærri nú en í ágúst 2007 þegar mælingar voru gerðar á sýnum af 1, 5 og 25 m dýpi (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2008). Þann 28. ágúst 2007 var styrkur heildarfosfórs 11–12 µg/l, fosfats 8–9 µg/l, heildarköfnunarefnis 33–41 µg/l og lífræns kolefnis 0,20–0,29 mg/l. Styrkur ammóníaks var undir greiningarmörkum (< 2 µg/l) árið 2007 rétt eins og nú.

Seint í maí 2008 voru sýni frá stöð 4 á 1 m dýpi einnig mæld m.t.t. næringarefna og lífræns kolefnis (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009). Styrkur heildarfosfórs og fosfats var ívið hærri þá en nú (Tot-P 20 µg/l, PO₄ 14 µg/l) en styrkur heildarköfnunarefnis og lífræns kolefnis var svipaður (Tot-N 59 µg/l, TOC 0,44 mg/l). Kísill var einnig mældur í maí 2008 og var styrkurinn þá öllu lægri en nú mældist, eða 1,93 mg/l (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009).


Samanburður við efnamælingar í Þingvallavatni frá því um miðjan áttunda áratuginn bendir til þess að styrkur helstu næringarefnanna tveggja hafi verið svipaður þá og nú. Heildarstyrkur köfnunarefnis við yfirborð og á 20 m og 50 m dýpi á Miðfellsdýpi mældist 40–75 µg/l á tímabilinu 15. mars til 17. september 1975 (Pétur M. Jónasson o.fl. 1992). Þann 3. júlí og 10. ágúst 1975 mældist fosfatstyrkur 10,2–17,0 µg/l við yfirborð og á 20 m dýpi á Miðfellsdýpi (Jón Ólafsson 1992).

3.3 Rýni

Sjónkýpi mældist 8,0–16,0 m á öllu tímabilinu árið 2010 og að meðaltali 11,7 m (± 1,09, n = 8) (tafla 3a–i, mynd 4). Langmest rýni var frá lokum júní til loka ágúst, eða 12–16 m, en minnst var rýnið í maí, 8,5 m, og nóvember, 8,0–9,0 m. Eins og við er að búast fellur þetta árstíðamunstur í sjónkýpi vel að samsvarandi munstri fyrir magn blaðgrænu-a á stöð 2 (mynd 5).

Eins og síðastliðin þrjú ár (2007–2009) var tilhneiging í þá veru árið 2010 að sjónkýpi var minna síðla hausts/snemma vetrar en mældist á áttunda og níunda áratug síðustu aldar (mynd 4). Rýni á tímabilinu 26. október til 23. nóvember 2010 mældist að jafnaði 6,0 m (8,0–11,0 m) en um miðjan sjöunda áratuginn mældist rýnið á svipuðum tíma í október og nóvember að meðaltali 9,7 m (± 0,46 m). Þetta kann að benda til breytinga í vaxtarferli þörungasvifsins í þá veru að þörungavöxtur haldist uppi lengur fram eftir árinu en áður fyrr. Slíkar breytingar kunna að stafa af auknu framboði næringarefna í tengslum við loftslagshlýnun (sbr. Hilmar J. Malmquist o.fl. 2010). Fleiri mælingar þarf til að skera úr um þetta atriði.

Athygli vekur hve sjónkýpi var mikið um hásumarið 2010, þ.e. á tímabilinu 28. júní til 30. ágúst (tafla 3c–f), en þá mældist það á bilinu 12–16 m. Miðað við fyrri mælingar er þetta óvenju mikið sjónkýpi en jafnan hefur sjónkýpið ekki mælst meira en 13 m á fyrrgreindu tímabili (mynd 4). Skýringin á óvenju tæru vatni og miklu sjónkýpi sumarið 2010 kann að hafa stafað af lagskiptingunni vegna hitaskilanna sem voru óvenju sterk árið 2010.



Mynd 4. Sjónkýpi (m) í Þingvallavatni á mismunandi tímabilum. Sýnd eru meðaltöl (\pm staðalskekkja). Gögn frá 1974–79 og 1981–82 eru fengin frá Péttri M. Jónassyni o.fl. (1992). Sjá nánar gögn fyrir árið 2010 í töflu 3a–i.


3.4 Svifþörungur

Magn blaðgrænu-a á stöð 2 mældist á bilinu 0,48–6,83 µg/l og að meðaltali 2,87 µg/l ($\pm 0,401$, $n = 25$) yfir allt tímabilið árið 2010 (tafla 5, mynd 5). Mjög marktækur munur var í blaðgrænumagni eftir mældögum ($F_{4,20} = 100,5$, $R^2 = 0,98$, $P << 0,001$). Á stöð 4 þar sem sýni voru tekin yfir lengra tímabil á árinu (mynd 6, tafla 6) var langmest af blaðgrænumagni snemma vors (mars) og aftur snemma vetrar (nóvember) en minnst yfir sumarið (júní–ágúst).


Áhrif lagskiptingar vegna hitaskila á þörungavöxt í vatninu má lesa úr mismunandi magni blaðgrænu eftir dýpi í vatnsbolnum (mynd 5). Í júní og ágúst var blaðgrænumagn marktækt minna (rúmlega helmingi) í efstu 10 m vatnsbolsins (sýnadýpin 1, 5 og 10 m) heldur en á 25 m og 35 m dýpi (t-próf, júní; $t = -6,202$, $ft. = 3$, $P = 0,008$; ágúst; $t = -9,682$, $ft. = 3$, $P = 0,002$).

Tafla 5. Magn blaðgrænu-a (µg/l) á stöð 2 og 4 í Þingvallavatni árið 2010. St.sk. er staðalskekkja (s.e.m.), Gm. er geómetrískt meðaltal.

Stöð	Dýpi (m)	18.5.10	28.6.10	30.8.10	26.10.10	23.11.10	Meðaltal	St.sk.	Gm.
2	1	2,52	0,96	0,72	2,40	6,83	2,69	1,099	1,95
2	5	2,52	0,48	0,60	3,12	6,71	2,69	1,133	1,72
2	10	2,88	0,84	0,72	3,48	6,47	2,88	1,051	2,08
2	25	2,76	1,92	1,56	3,12	5,88	3,05	0,761	2,73
2	35	2,28	1,92	1,80	3,24	6,00	3,05	0,779	2,73
Meðaltal		2,59	1,22	1,08	3,07	6,38			
St.sk.		0,105	0,295	0,249	0,180	0,191			
Gm.		2,58	1,07	0,97	3,05	6,37			
4	~1,0	2,16	0,60	0,72	3,72	6,36	2,71	0,731	1,36



Mynd 5. Magn blaðgrænu-a (µg/l) á fimm mismunandi dýpum á stöð 2 í vatnsbol Þingvallavatns árið 2010. Vegnar línur eru dregnar milli mæligilda með aðferð minnstu kvaðrata (DWLS). Sjá dagsetningar og mæligildi í töflu 5.



